



MÉR datt í hug þessi fyrir-sögn þegar Birgir Kjaran sagði mér hvernig Jóhannes meistari Kjarval hefði brugðið við þegar hann sýndi honum bókarkaf-lann, sem Birgir ritar um hann í hinni nýju bók sinni „Auðnustundir“.

— Þá sagði Kjarval: „Birgir. Þú hefir stolið sálinni úr mér. Það er hægt að stela málverkum og bókum og meira að segja peningum. En það er ljótt að stela sálinni úr manni.“ En ég held að nú sé meistarin búið að fyrir-gefa mér.

Það er kannski ljótt að hafa þetta sem fyrir-sögn á samtali við harðsoðinn hagfræðing og framsækinn stjórnmálmann, sem setið hefir á Alþingi með þúsundir atkvæða á bak við sig, mann, sem stjórnar völd-ugu verzlunarfyrirtæki, en mér fannst það eiga við um náttúruverndarann og mann-þekkarann Birgi Kjaran.

Tilfni heimsóknarinnar og samtalsins var sem fyrr seg-



Birgir í Skothúsinu, eins og hann kallar það, eftir fæðing- og uppeldisstað föður hans, Magnúsar Kjaran, þess góð-kunna Reykvikings. Í Skothúsinu kennir margra grasa. Birgir situr við hvalbeinið. Að baki hans hangir á veggnum hreindýrshorn, hvalskiði, langspil, steinbitsrotari og seilunál. Enn eru þar á hillu: kvarnir, hvaltennur og grjót og fyrst og síðast — bækur. (Ljós. Mbl.: Ól. K. M.)

Steinar og stolnar sálir

Rabbað við Birgi Kjaran í tilefni bókar

ir ný bók.

Það var jólasnjór á Ásvalla-götunni þegar ég kom að hliðinu. Í garðinum fyrir utan húsið nr. 4 léku sér Helga, dóttir Birgis, og Íslendingur-inn Klói, hreinræktaður hund ur úr Tálknafirði „með stolt alls Vestfjarðakjálkans í sperrtum eyrum og rófu“, eins og Birgir segir sjálfur í formála bókar sinnar. Helga opnaði fyrir mig hliðið, því ég áttaði mig ekki strax á læsingunni. Sennilega kann Klói ekki heldur á hana og mun það koma sér vel hér í borg hundabannsins. Það er svarað í dyrasíma og ég geng inn og upp stigann. Ég nem strax staðar er ég hef gengið

upp nokkrar tröppur. Birgir kallar ofan af þriðju hæð og biður mig gjöra svo vel. Ég paufast upp stigann, sný mér margoft í hring á leiðinni. Við mér blasir sá óvenjuleg-asti inngangur í hús, sem ég enn hef séð. Hér er ég kom-inn inn í listasafn og náttúru-gripasafn.

— En hérna lifa nú líka nokkrar sálir, segir Birgir og brosir við, þegar ég hef orð á þessu við hann.

Og þegar ég minnst á hund in hans alislenzka segir hann:

— Já. Það er fleira en stein-ar og örninn, sem ég hef áhuga á. Ég vil láta halda við is-lenzka hundinum hreinrækt-

uðum. Það er að verða hver seinastur með það. Þessu máli var hreyft á búnaðarþingi fyrir nokkrum árum, en síðan hefir það fallið niður. Hér þarf að koma upp hundarækt-arbúi. Ingimar í Fagrahvammi hefir lengi haft áhuga á málinu og væri það vel að áhuga hans yrði sómi sýndur. Og það er fleira, sem þarf að vernda, t.d. blæöspina á Eg-illsstöðum, glitrósina á Kvískerjum og blóðrótina á Horn-bjargi. Einnig hér í nágrenni Reykjavíkur, svo sem Suður-nesið á Seltjarnarnesi, Rauð-hólarnir eru farnir, en klapp-irnar við Kópavogskirkju standa enn, en hvað verður það lengi?

Þegar ég minnst á öll þessi miklu ferðalög Birgis um landið þvert og endilangt, segir hann:

— Ég hef oft farið í ferða-lög erlendis, verið þar við nám og í verzlunarförum, en skemmtiferðir utan eru dýrar og ég hef takmarkaðan áhuga á þeim. Hér heima er svo ótal-margt að sjá. Það sem ég á eftir að skoða lauslega af landinu er La ganesið og Melrakkasléttan, Strandir frá Hólmavík að Horni og Vonar-skarð, svo auðvitað nokkuð af miðhálandinu og fjölda eyja og skerja.

Svo förum við og skoðum steinasafnið hans Birgis. Því er svo einkar skemmtilega fyrir komið í upplýstum glerskáp um. En nú skortir mig þekkingu. En hvíllik ósköp af lit-brigðum og formum í öllu þessu grjóti. Nöfnin hrynja af vörum Birgis. Ég kann ekki einu sinni að skrifa þau, þótt ég héldi alltaf 5,2 í náttúru-fræði hjá Steindóri á Hlöð-um: Jaspis, stjörnusteinn, onyx grænn, ametyst. Sumt eru þetta eðalsteinar, nú orðið notaðir í skartgrip. Birgir hefir látið slípa suma þeirra úti í Þýzkalandi og gera af fallegar myndir. Þarna er örn úr gulum jaspis, rostungur úr grænum onyx og hundur, auðvitað íslenzkur, úr jaspis. Þá er fullt af silfurbergi, og steingervingar eru frá Brjáns-læk.

— Það þyrfti hér að gefa út handhægan leiðarvisi fyrir steinasafnara, segir Birgir. Þeim fer stöðugt fjölgandi, sem safna steinum. Hann er mikill göngugarpur og fjalla-maður. Það hefir verið haldið að hér væri lítið um góð-málma og eðalsteina, en það er meira en margur hyggur. Björn Kristjánsson gerði athugun á því fyrir austan hve mikið væri af gulli og silfri þar í jörðu. Það reyndust 540 grömm af silfri og 30 grömm af gulli í hverju tonni. Í Af-ríku er til að gull sé unnið úr námum allt niður í 12 gr. úr tonni. Zeolitarnir hjá Teigarhorni við Djúpavog eru einhverjir merkustu sinnar teg-undar í heiminum og mjög fágætir. Þar býr Hansína Björns dóttir, gömul kona, og hún veit manna mest um zaðlita. Niels Bjarnason í Gjörðidal við Ísafjarðardjúp á ekta mánastein, einn þann feg-

ursta, sem ég hef séð og Joch-um Eggertsson í Skógum á Barðaströnd á merkilegt steinasafn. Þannig hef ég kynnt mörgum merkur mönnum í sambandi við steina söfnun mína.

Talið berst að fólkinu. Ég hef orð á því að ég hafi lesið greinar eftir Birgi um það sem á yfirborðinu virðist litilfjör-legt, en sem mér hafa fundizt skemmtilegar lífsmyndir.

— Það er einmitt það sem er. Það er of lítið skrifað um smámunina, frásagnir af lit-lum atburðum, en sem þó segja hvað mest um daglegt mannlíf.

Í hinni nýju bók sinni segir Birgir:

„Frómt frá sagt laðast ég ekki eingöngu til ferðalaga vegna landsins og náttúruveg-urðar, heldur engu síður vegna fólksins. Mínar auðnu-stundir á ferðum eru ekki síð-ur bundnar mönnum en fjöll-um. Að kynnast góðu fólki er mönnum hollt. Að kynnast stórbrotnum, sérkennilegum, frumstaðum, óbrotgjörnum persónuleikum stækkar mann sjálfan, — að minnsta kosti í eigin augum. — Þá loksins skilst manni, hvers vegna þetta þjóðarkrilli hjarði í þús-und ár, varð ekki undirmáls-fólk og glataði ekki málinu. Mín auðna hefir verið að kynnast mörgum slíkum mönnum, sem voru gerðir af því grjóti, er varðar íslenzka sögu. — Það voru ekki allt stórir steinar, en vel var hlaðið og varðan stóð. —“

Það er margt fleira, sem væri þess vert að grandskoða og skrifa um á hinu fagra og fjölbreytilega heimili Birgis Kjaran, ég tala nú ekki um ef maður má nippa í konijak með kaffi og rjómapönnukök-um á milli rannsóknarferð-anna. Þar er hnifasafn gott og ýmsir þjóðlegir fornmun-ir, hvalbein að borði, strokk-ur í horni og veglansara úr hrosshári á vegg. Svo eru þar hundruð mynda og mál-verka og síðast en ekki sízt forkunnafragurt bókasafn.

En látum staðar numið að sinni. Lesum í hinni nýju bók Birgis um seladráp, meistara Kjarval, gos í Óskju og strák-ana sem sögðu við bókarrhöf-und: „Allt í keinu góði, þú ert ekkert klikkaður! Viltu renna?“ Þeir héldu sem sé fyrst að hann væri blaðamað-ur. — vig.

Einmunagott tíðarfar

Valdastöðum, 24. nóv.

ÞAÐ má með sanni segja, að haustveðráttan hafi verið ein-munagóð. Mun það heldur fá-títt, að mjólkurkúm sé beitt nokkuð fram í nóvember, eins og átt hefir sér stað hér í þetta sinn á einstöku býlum. Og fram að þessu hefir mátt sjá holdanaut-gripi úti. Einstöku bændur hafa tekið lömb á gjöf. En nú er kom-inn dálitill snjór, svo að líkind-um verður farið að gefa fullorðnu fé, enda eru sumir bændur farn-ir til þess. Fyrr í haust gerði bráðapestin töluvert vart við sig hjá einstöku bændum. En eftir að náðist í yngra fé til bólusetn-ingar, tók fyrir þann leiða kvilla. Þar sem hey munu nú vera með mesta móti sættu bændur að geta tekið á móti nokkrum vetr-arkafla, enda þótt reiknað sé með að hey kunni að vera eit-t-hvað með lakara móti

Vetrarfélagsstarfið er þegar hafið fyrir nokkru. Hófu konurn-ar fyrstur starfið með námskeið-um með ýmsum hagnýtum vinnu brögðum. Hafa þessi námskeið verið haldin ýmist í Ásgarði eða Hlégarði. Flestar af þessum kon-

um hafa fáar hjálparhendur heima fyrir. En þá er það raf-magnið, þar sem það er komið á við margar hjálparhendur. En því miður njóta ekki allir þeirra þæginda, sem rafmagnið veit-

ir því enn eru nokkur heimili hér í sveitinni, sem ekki hafa fengið rafmagn. Einnig hefir ung mennafélagið hafið vetrarstarfið með spilakvöldi sem var vel sótt og mæltist vel fyrir.

Snemma í þessum mánuði lézt elzti bóndi þessarar sveitar, Guðni Guðnason í Eyjum, 87 ára að aldri, dugmikill og góður bóndi í 60 ár. St. G.

V-Þýzki gestir kaupi 5 a-þýsk mörk á dag

Berlín, 26. nóv. NTB. AUSTUR-ÞÝZKA stjórnin til kynnti í dag, að þeir V-Þjóð-verjar, sem færu í heimsókn til A-Þýzkalands eftir 1. des. nk. yrðu skyldaðir til að kaupa þar, að minnsta kosti fimm a-þýsk mörk á dag. Skýrði a-þýzka fréttastofan ADN frá þessari ákvörðun stjórnarinnar og sagði hana til þess ætlaða að vernda gjaldmiðil A-Þýzkalands gegn braski.

A-þýzka markið er ekki

skráð á alþjóðlegum gjald-eyrismarkaði og er ekki einu sinni hægt að skipta því í öðrum kommúnískum ríkj-um. Rraunverulegt gengi a-þýzkamarkansins er u.þ.b. 35 v-þýzk pfennig, þannig að unnt er að fá í V-Berlín 350 a-þýzk mörk fyrir 100 v-þýzk — en í A-Þýzkalandi eru þau skráð jöfn að gildi. Þessi ákvörðun a-þýzka stjórnar-valda getur því reynt þeim hin hagstæðasta leið til gjald eyrisöflunar.

Sendisveinar óskast

Vinnutími kl. 6,30 til 12 f.h.

Morgunblaðið

Hreinlæti er heilsuvernd

Laugardaginn 28. nóvember kl. 8 opnum við þvotta hús að Síðumúla 4. Nýtt húsnæði, nýjar vélar, góð þjónusta. Einnig munum við reka áfram þvotta-húsið að Bröttugötu 3.

Þvottahúsið Einir sf.

Sími 12428.